

N.A. o.fl. gegn Tyrklandi

Dómur frá 11. október 2005

Mál nr. 37451/97

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Svipting eignar. Réttur til skaðabóta.

1. Málsatvik

Kærendur eru fimm tyrkneskir ríkisborgarar fæddir á árabílinu 1926-1956 og allir búsettir í Tyrklandi.

Árið 1986 var þeim með ákvörðun stjórnvalda veitt heimild til byggingar hótels á landspildu sem þeir höfðu erft. Fjársýslustofnun svæðisins vísaði ákvörðuninni til dómstóla sem ógiltu skráningu í landskrá fasteigna og fyrirskipaði að hótelið sem þá var í byggingu yrði jafnað við jörðu. Var þetta gert á þeim grundvelli að umrædd landspilda stæði á strandlengjunni og gæti því ekki verið í eign einkaaðila. Var dómurinn staðfestur af áfrýjunardómstóli 1. mars 1990. Kærendur reyndu án árangurs að krefjast bóta fyrir dómstólum vegna tjóns og missis eignarréttinda sem og vegna eyðileggingar hótelsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu á því að þeim hefði ekki verið bætt það tjón sem leiddi af eyðileggingu hótels þeirra og ógildingu skráningar eignar þeirra í landskrá fasteigna. Byggðu þeir á 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

Niðurstaða

Kærendur höfðu að mati dómstólsins komist yfir umrædda landspildu í góðri trú. Höfðu þeir verið viðurkenndir eigendur hennar og greitt af henni skatta fram að þeim tíma sem réttur þeirra var ógiltur og landspildan skráð sem eign ríkisins. Þeir höfðu því notið eignar sinnar í friði fram að þeim tíma og höfðu hafið byggingu hótels á landinu á grundvelli byggingarleyfis stjórnvalda. Taldi dómstóllinn að takmörkun á eignarrétti kæranda væri þess eðlis að hún fæli í sér sviptingu eignar í skilningi 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. 1. viðauka. Kærendur voru sviptir eign sinni með dómsúrlausn sem dómstóllinn taldi á engan hátt handahófskennda. Svipting eignarréttar á þeim grundvelli að landspildan var á strandlengju og því hluti strandarinnar sem væri opinbert svæði og opið öllum almenningi fullnægði að mati dómstólsins kröfum sáttmálans um að lögmætt markmið í almannapágu lægi til grundvallar skerðingu eignarréttar.

Varðandi það hvort gætt hefði verið meðalhófs tók dómstóllinn fram að við eignarnám væri að jafnaði ekki gætt meðalhófs nema sanngjarnar bætur kæmu fyrir eign. Einungis í undantekningartilvikum við mjög sérstakar aðstæður gæti það talist lögmæt takmörkun á eignarrétti að greiða engar bætur. Kærendur höfðu engar bætur hlotið vegna sviptingar eignarréttar þeirra á landspildunni eða vegna eyðileggingar hótels þess sem þeir höfðu hafið byggingu á, en þeir höfðu þó staðið fyrir málshöfðun í því markmiði fyrir tyrkneskum dómstólum. Þá hafði tyrkneska ríkið engar málsástæður fært fram sem gætu talist til sérstakra aðstæðna og réttlætt það að alls engar bætur voru greiddar fyrir skerðingu eignarréttar. Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Hins vegar taldi dómstóllinn ekki tímabært að taka afstöðu til þess hverjar væru sanngjarnar bætur til kæranda.